

Minnisblað

Til: Íþrótt- og tómstundanefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 31. mars 2023
Mnr. 2023010105



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Athugasemdir íþróttafélaga varðandi endurskoðun á reglum um val á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar

Þann 18. janúar 2023 tók íþrótt- og tómstundanefnd fyrir mál varðandi endurskoðun á reglum um val á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar. Niðurstaða nefndarinnar var að leita eftir umsögnum frá íþróttafélögum innan Héraðssambands Vestfirðinga og fengu þau rúman mánuð til að skila þeim inn. Alls bárust 2 umsagnir.

Blakdeild Vestra

Félagið leggur til að hægt verði að tilnefna alla þá sem erum með lögheimili í Ísafjarðarbæ, þó viðkomandi íþróttafólk sé að keppa með félögum í öðrum sveitarfélögum. Jafnframt að tilnefningar geti komið frá öðrum en íþróttafélögum t.d. íbúum. Félagið nefnir aðra leið sem möguleika sem er að hægt sé að tilnefna alla þá sem uppfylla tvö af þremur skilyrðum; að vera með lögheimili í bæjarfélaginu, að keppa með íþróttafélagi sem staðsett er í bæjarfélaginu og/eða æfa í bæjarfélaginu.

Félagið fer yfir mögulega ástæður fyrir kynjahallanum þegar kemur að tilnefningum. Forsvarsmenn félagsins vilja þó meina að það verði ekki leyst með því að tvöfalda fjölda tilnefninga. Leggja þau til að íþróttafélögum verði heimilt að tilnefna samtals þrjá einstaklinga í þessa tvo flokka sem veitt eru verðlaun fyrir (íþróttamaður Ísafjarðarbæjar og efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðar). Þá yrði skilyrt að í flokknum sem tveir yrðu tilnefndir yrðu þá einstaklingar af sitt hvoru kyni.

Telja þau heppilegast að lágmarksaldur á íþróttamanni ársins verði áfram 16 ár en vilja að hækka hámarksaldur þess efnilegasta t.d. upp í 20 ár.

Fara þau fram á að meiri kröfur verði gerðar um upplýsingar í tilnefningum. Telja þau ekki eðlilegt að sami einstaklingurinn sé tilnefndur í báðum flokkum. Íþrótt- og tómstundanefnd ætti að hafa heimild til að tilnefna einstaklinga í báðum flokkum og ætti almenningur að geta komið ábendingum til nefndarinnar. Allar tilnefningar og gögn þeim tengdum ætti að birta með fundargögnum á næsta fundi eftir að útnefninginn hefur farið fram.

Lagt er til að meiri metnaður sé lagður í að meta tilnefningar og þarf að útbúa ákveðna matrixu þar sem einstakir þættir eru metnir. Gefa þarf einkunn fyrir hvern þátt og útbúa forskrift fyrir því hvernig íþróttafólk í hópíþróttum er metið í samanburði við íþróttafólk í einstaklingsíþróttum. Jafnframt þyrfti nefndin að rökstyðja val sitt sé óskað eftir því. Nefndarfolk á að geta kynnt sér gögnin í málinu fyrir fund, en ekki á fundinum sjálfum eins og hefðin hefur verið.

Aðalstjórn Vestra

Ekki komu margar skilgreindar tillögur frá aðalstjórn Vestra heldur frekar greint frá umræðum stjórnarmanna á Facebook sem eru nokkuð svipaðar og hjá blakdeild Vestra, enda koma þær að mestu frá sama aðila.

Stjórnarmenn telja ekki heppilegt að tilnefna íþróttafólk úr karla- og kvennaflokki þar sem einstaklingar geta skilgreint sig undir fleiri kynjum en tveimur. Vandamálið með kynjahallann sé stærra vandamál og leysist ekki með því að fá fleiri tilnefningar. Frekar ætti að fylgja eftir stefnum eins og jafnréttisstefnu og íþróttastefnu.

Lagt fram til kynningar.